

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. nóvember 2014

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu, þskj. 295-257. mál

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu, þskj. 295-257. mál.

Frumvarpinu er ætlað að sameina í eina stofnun þrjár stofnanir velferðarráðuneytisins sem hafa á hendi þjónustu við fatlað fólk, nánar tiltekið Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Heyrnar- og talmeinstöð og Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.

Í frumvarpinu er kveðið á um nýjar gjaldtökuheimildir vegna margvíslegrar þjónustu miðstöðvarinnar. BSRB telur grundvallaratriði að tryggður verði opinn og jafn aðgangur að heilbrigðis- og velferðarþjónustu og varar við aukinni gjaldtöku hjá þeim hópi sem mun njóta þjónustu miðstöðvarinnar.

Þá tekur BSRB undir þær athugasemdir við frumvarpið sem koma fram í umsögn SFR-stéttarfélags í almannaðjónustu.

Fyrir hönd BSRB


Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri